

**18. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 26/1949, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 113 16. ágúst 1949 um hvalveiðar.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 30. maí 1973.*

**Lúðvík Jósepsson.**

*Þórður Ásgeirsson.*

1. júní 1973.

Nr. 164.

**REGLUR**

**um útdrátt vinninga í happdrættisláni ríkissjóðs 1973, skuldabréf B.**

**1. gr.**

Útdráttur fer fram í Reiknistofu Raunvísindastofnunar Háskólans að viðstöddum forstöðumanni stofunnar og eftirlitsnefnd með eftirtöldum fulltrúum:

- a. Notarius publicus,
- b. fulltrúa fjármálaráðuneytisins og
- c. fulltrúa Seðlabanka Íslands.

**2. gr.**

Við útdráttinn skal nota eftirfarandi gögn og tæki:

- a. Tölvu Reiknistofunnar.
- b. Forrit, sem stýrir tölvunni við útdráttinn. Forritið skal gert af Reiknistofunni og skulu notaðar til þess viðurkenndar aðferðir. Forritið skal skráð á gata-spjöld og þannig úr garði gert, að einungis minniseiningar úr kjarnaminni tölvunnar séu notaðar. Eftirlitsnefndin skal fá sérfræðing, sem ekki starfar við Reiknistofu til að fylgjast með gerð forritsins, yfirfara það að lokum og afhenda það notarius til varðveislu. Forritið skal varðveitt af notarius milli útdrátta.
- c. Tunnu með 40 hylkjum í. Í hverju hylkjanna er fólgin á seðli einn tölustafanna frá 0 til 9, þannig að sérhver tölustafanna 0 til 9 er í fjórum hylkjum.
- d. Átta gataspjöld (titilspjöld), þar sem á er skráð titill, dagsetning og númer viðkomandi útdráttar, fjöldi og upphæð vinninga svo og númer skuldabréfa, sem dregið er úr.
- e. Eitt gataspjald (stýrisspjald) með 48 tölustöfum, sbr. 4. gr. hér á eftir.

**3. gr.**

Útdráttur hefst með því, að notarius velur 48 sinnum hylki úr happdrættistunnum. Eftir hvert val er tölustafur viðkomandi hylkis skráður, en hylkið með seðli sínum er aftur sett í tunnuna, áður en næsta val fer fram.

**4. gr.**

Forstöðumaður Reiknistofu lætur gata hina 48 tölustafi í fyrstu 48 dálka gataspjalds og í þeirri röð, sem þeir voru dregnir. Eftirlitsnefndin gengur úr skugga um, að ofangreint stýrisspjald sé rétt gatað.

**5. gr.**

Tölvun er látin lesa forritið, titilspjöldin átta og stýrisspjaldið sbr. 2. gr.

## 6. gr.

Tölvan velur nú vinningsnúmer og vinningsupphæðir og stýrir ofangreind 48 stafa tala valinu. Tölvan skrifar út vinningalista, sem raðaður er í númeraröð. Vinningalistinn er staðfestur með undirskrift eftirlitsnefndarinnar.

## 7. gr.

Bili tölvan, eða stöðvist útdráttur hennar, tekur notarius publicus forritið, titilspjöldin og stýrisspjaldið í sína vörzlu, þar til viðgerð er lokið. Útdráttur er þá endurtekinn og hefst með því, að tölvan er látin lesa hin geymdu gögn sbr. 5. gr.

## 8. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 6. gr. reglugerðar nr. 26 frá 13. marz 1973 og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 1. júní 1973.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Jón Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ**

**um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.**

## 1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar annarra en fjölskyldubóta og fæðingarstyrks skulu hækka um 5.2% frá 1. júlí 1973 að telja.

Hækkunin tekur einnig til lágmarksbóta og heimildarbóta samkvæmt 19. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971, svo og greiðslna samkvæmt 73. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. grein laga nr. 67/1971.

*Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. júní 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Páll Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 95 14. ágúst 1962, um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda í Reykjavík.**

## 1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ef gjöld samkvæmt gjaldheimtuseðli eru ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1½% fyrir